

Fræði sjónmenningar, lota 2

Verkefni 1 – Umhverfi

Hvalsneskirkja er verkið sem ég valdi mér til að fjalla um í þessu verkefni. Kirkjan er hluti af umhverfinu sem ég ólst upp í og þar hefur fjölskylda mín safnast saman á gleði- og sorgardögum síðan ég man fyrst eftir mér.

Kirkjan er staðsett um 7 kílómetrum fyrir sunnan Sandgerði, en hún tilheyrir Útskálaprestakalli í Kjalarnesprófastsdæmi. Kirkjan var reist á árunum 1886-1887 af steinsmiðunum Magnúsi Magnússyni og Stefáni Egilssyni. Magnús Ólafsson trésmíðameistari sá um tréverkið. Ketill Ketilsson sem þá átti jörðina Hvalsnes fjármagnaði kirkjubygginguna. Hún var vígð á jóladag 1887. Árið 1945 sá Guðjón Samúelsson húsameistari ríkisins um endurbætur á kirkjunni. Þessar upplýsingar koma fram á heimasíðu sem fjallar um guðshús á Íslandi. Það mun hafa verið Magnús Magnússon steinsmiður sem hannaði kirkjuna.

Hvalsneskirkja er hlaðin úr tilhöggnu grjóti sem tekið var úr umhverfi hennar. Hún er 12,60 m að lengd og 8,02 m á breidd. Þakið er krossreist og upp af vesturstafni er ferstrendur turn úr timbri með íbjúgt þak. Hann stendur á bjúgstalliⁱⁱ. Þök og bjúgstallar voru klædd með eir fyrir nokkrum árum síðan. Allur stórviður hússins var fenginn úr fjörunum í nágrenninu, m.a. súlurnarⁱⁱⁱ. Í heimildum kemur fram að þetta hafi verið fyrsta kirkjan á Íslandi sem var reist utan kirkjugarðs.



Hvalsneskirkja^{iv} Myndin tekin af síðunni Wikimedia Common

Að innan hefur kirkjan litlum breytingum tekið í tímas rás. Má þar nefna atriði eins og: Loftið sem er málað blátt og skreytt með stjörnum, súlur sem bera söngloftið uppi og eru fagurlegar málaðar

og altarisafnan sem er eftirgerð af Dómkirkjutöflunni, sem er máluð af Sigurði Guðmundssyni árið 1886 og sýnir hún upprisuna.

Einn merkasti gripur kirkjunnar er legsteinninn sem sálmaskáldið Hallgrímur Pétursson hjó með eigin höndum á leiði dóttur sinnar Steinunnar Hallgrímsdóttur. Hún dó 1649 en þá var Hallgrímur prestur í þeirri kirkju sem þá stóð á þessum stað. Hella þessi var lengi týnd en fannst 1964 þar sem hún hafði verið notuð í stéttina framan við kirkjuna. Það var þáverandi formaður sóknarnefndarinnar, hann afi minn, sem fann legsteininn þegar hann var að fjarlægja gamla stétt svo hægt væri að steypa nýja.

Við gerð verkefnisins mun ég leita heimilda á netinu og þar hef ég þegar fundið þessar síður:

Nodric Adventure Travel:

http://nat.is/Kirkjur/Kirkjur_SV_hvalsneskirkja.htm

Minjastofnun:

<http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjanes/nr/454>

Kirkjukort:

http://www.kirkjukort.net/kirkjur/hvalsneskirkja_0180.html

Visit Reykjanes:

<http://www.visitreykjanes.is/is/reykjanes/place/the-church-at-hvalsnes>

Ég mun einnig reyna að finna ítarlegri heimildir í bókum og ekki hvað síst hef ég hugsað mér að fá munnlegar heimildir frá íbúum sem hafa í hart nær 90 ár búið í nágrenni við þessa kirkju.

ⁱ http://nat.is/Kirkjur/Kirkjur_SV_hvalsneskirkja.htm

ⁱⁱ <http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/reykjanes/nr/454>

ⁱⁱⁱ <http://www.visitreykjanes.is/is/reykjanes/place/the-church-at-hvalsnes>

^{iv} <https://commons.wikimedia.org/wiki/File:Hvalsneskirkja.JPG>